



**Kennari:** Ingunn Helgadóttir (IH) [ingunn@fsu.is](mailto:ingunn@fsu.is)

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið yfir grunnhugtök og kenningar í stjórnun og markaðsfræði. Leitast er við að veita nemendum innsýn í störf stjórnenda og efla skilning nemenda á gildi markaðsstarfs. Kynnt er fyrir nemendum helstu atriði í markaðsrannsóknum, gildi stjórnunar og skipulagningar fyrir einstaklinginn, fyrirtækið og samfélagið.

### Markmið

#### Að nemandinn:

- þekki þróun stjórnunar sem fræðigreinar, tilgang og hugmyndafræði markaðsfræðinnar
- þekki helstu stjórnunarkenningar og stjórnunarstíla
- átti sig á þýðingu markaðsstarfs fyrir fyrirtæki og samfélag
- öðlist grunnþekkingu í mannauðsstjórnun
- þekki helstu samkeppnisform og mikilvægustu atriði samkeppnisgreiningar
- geti beitt algengustu hugtökum í stjórnun og markaðsfræði
- þekki mikilvægi markaðsrannsókna
- þekki siðferðileg álitamál er varða viðskipti og markaðsrannsóknir
- geti tjáð skoðanir sínar á grunnatriðum í stjórnun og markaðsfræðum
- geti notað grunnþekkingu sína til að auka þekkingu sína í stjórnun og markaðsfræðum

**Kennsluefni:** Inngangur að stjórnun. Höf: Sigmar Þormar. Einnig munu nemendur fá efni hjá kennara.

**Námsmat:** Stórt verkefni 25%, próf 40%, önnur verkefni 30%, mæting og vinnusemi 5%

**Próf:** Á önninni verða 2 próf sem **allir** verða að taka. Ætlast er til að nemendur fái að lágmarki 4,5

**Verkefni:**

Til að standast áfangann þurfa nemendur að fá að meðaltali 4,5 úr prófunum. Áfanginn er símatsáfangi sem þýðir að það er ekkert lokapróf.

Nemendur vinna minni verkefni úr hverjum kafla sem farið verður yfir og er farið fram á að nemendur skili verkefnum á réttum tíma.

Ef nemandi skilar of seint dregst 0,5 af einkunn fyrir hvern dag umfram skilafrest ef ekki hefur verið samið um annað við kennara. Að sjö dögum liðnum umfram skilafrest er ekki möguleiki að fá hærri einkunn en 5 fyrir verkefni.

**Stóra verkefnið:** Eitt stórt hópverkefni verður í lok annar sem gildir 25%. Allir verða að taka þátt og skila þessu verkefni. ATH einkunn fyrir stóra verkefnið fer eftir þátttöku og virkni hvers og eins og því ekki endilega sama einkunn fyrir alla í hópnunum.

**Vikuáætlun:**

<b>Vika</b>	<b>Námsefni</b>	<b>Verkefni</b>
<b>34</b> (19. - 25 ág)	Kynning á áfanganum	
<b>35</b> (26. - 1. sep)	Inngangur að stjórnun Kafli 1 og 2	Sjá Innu
<b>36</b> (2. - 8. sep)	Inngangur að stjórnun Kafli 3 og gildi fyrirtækja	Sjá Innu
<b>37</b> (9. - 15. sep)	Inngangur að stjórnun Kafli 4 og fundastjórnun	Sjá Innu
<b>38</b> (16. - 22. sep)	<b>Próf 1</b> úr köflum 1, 2, 3, 4 Kafli 5	Sjá Innu
<b>39</b> (23. - 29. sep)	Kafli 7 og 8	Sjá Innu
<b>40</b> (30. - 6. okt)	Kafli 9	Sjá Innu
<b>41</b> (7. - 13. okt)	<b>Próf 2</b>	Sjá Innu
<b>42</b> (14. - 20. okt)	<b>Haustfrí – 1 tími í vikunni</b>	Sjá Innu
<b>43</b> (21. - 27. okt)	Markaðsfræði	Sjá Innu
<b>44</b> (28. - 3. nov)	Markaðsfræði	Sjá Innu
<b>45</b> (4. - 10. nov)	Markaðsfræði /stóra verkefni	Sjá Innu
<b>46</b> (11. - 17. nov)	Markaðsfræði /stóra verkefni	Sjá Innu
<b>47</b> (18. - 24. nov)	Stóra verkefnið	Sjá Innu
<b>48</b> (25. - 1. des)	Stóra verkefnið	Sjá Innu
<b>49</b> (2. - 8. des)	Kynningar	Sjá Innu
<b>50</b> (9. - 11. des)	<b>Skráp</b>	

**Með fyrirvara um breytingar.**

**Ingunn Helgadóttir 18. ágúst 2024**